

## GJALDSKRÁ

### vegna kattahalds í Borgarfjarðarhreppi.

#### 1. gr.

Gjald fyrir að halda kött í Borgarfjarðarhreppi, sbr. staflíð b, 2. gr. samþykktar nr. 361/1998 um kattahald í Borgarfjarðarhreppi, skal vera kr. 2.500 á ári fyrir hvern kött. Ormahreinsun katta er innifalin í gjaldinu.

#### 2. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af sveitarstjórn Borgarfjarðarhrepps, staðfestist hér með samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir til þess að öðlast þegar gildi.

*Umhverfisstjórnuneytinu, 12. nóvember 1998.*

F. h. r.

**Ingimar Sigurðsson.**

*Sigurbjörg Sæmundsdóttir.*

Nr. 660

30. október 1998

## REGLUGERÐ

### um greiðslur Tryggingastofnunar ríkisins fyrir meðferð húðsjúkdóma, veitta af öðrum en læknum.

#### 1. gr.

Á sérstökum göngudeildum, sem viðurkenndar eru af heilbrigðisráðuneytinu, má veita sjúklingum með hvers konar húðsjúkdóma viðeigandi meðferð samkvæmt fyrirætlum læknis, sérfræðings í húðsjúkdómum, þar sem því verður við komið. Að meðferðinni starfi hjúkrunarfræðingur eða annað heilbrigðisstarfsfólk, sem ráðuneytið telur hafa næga kunnáttu til starfans.

#### 2. gr.

Tryggingastofnun ríkisins skal greiða fyrir meðferð, sem um ræðir í 1. gr., samkvæmt gjaldskrá, sem ráðuneytið setur. Í gjaldskránni má ákveða að sjúklingur greiði tiltekinn hluta af kostnaði við meðferð.

#### 3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 66. gr., sbr. 33. gr. laga nr. 117/1993 um almannatryggingar öðlast gildi 1. nóvember 1998. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 83 frá 3. febrúar 1981.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 30. október 1998.*

**Ingibjörg Pálmadóttir.**

*Jón Sæmundur Sigurjónsson.*